

Hrossabú Þýsk-íslenskt hrossabú verðlaunað

Hestamiðstöðin Vindhólar

Hestamiðstöðin Vindhólar í Þýskalandi fékk á dögunum verðlaun fyrir framúrskarandi þjónustu við hestafólk og fallegan og vel hirtan hestabúgarð. Verðlaunin veitir FN, landssamband hestamanna í Þýskalandi, en undir það heyrir öll hestamennska í landinu. Eigendur búsinu eru Íslendingurinn Einar Hermamannson og kona hans Maren Junge.

JENS EINARSSON
jens@vb.is

Einar er Vestfirðingur, en að mestu uppalinn á Siglufirði. Hann stundaði hestamennsku á Siglufirði sem barn og unglingur og síðan í Fákí eftir að hann flutti til Reykjavíkur. Hann hleypti heimdraganum um tvítugt. Hann vann um tveggja ára skeið á íslenskum hrossabúum í Frakklandi og Þýskalandi. Í Þýskalandi kynntist hann Maren og eftir það varð ekki aftur snúið. Árið 1990 keyptu þau 30 hektara lands í útjaðri Hamburgar, í þorpi sem heitir Stapelfeld. Þar hafa þú byggt upp frá grunni glæsilegan hestabúgarð,

sem þau gáfu nafnið Vindhólar. Aðalstarfsemin er reiðkennsla og hestahald fyrir hestafólk í nágrenninu, sem ytra er kallað „pension“. Þá eru hrossin alfarið í umsjá hestabúsins en eigendur koma þegar þeim hentar og fara á bak.

Opið hesthús

Á Vindhólum er svokallað „opið hesthús“, en það er útfærsla sem er að ryðja sér til rúms og þykir náttúrulegri og heilbrigðari fyrir reiðhesta en að híma í þröngum stíum mestallan sólarhringinn. Hrossin eru mörg saman í stóru rými, allt upp í fimmtán hross, og hafa opinn aðgang að úthaga. Þau fá því mikla hreyfingu. Eigendur reiðhrossa fá síðan aðgang að stíu í „venju-



Einar og Maren með tvo íslenska gæðinga.



Costa del sol á Vindhólum. Þessi skemmtilega sundlaug er vinsæl hjá yngri kynslóðinni.



Einar og Maren með syninum Jónasi.



Vindhólar er glæsilegur hestabúgarður eins og sést á þessari mynd.



Tindur frá Reykjavík er stóðhestur undan Snorra frá Herríðarhóli, Orrasyni, og Gnótt frá Ytra-Skórðugili. Knapi er Einar Hermannsson. MYND/ANNA SIEMERS

“

Hektari lands á þéttbýlum svæðum í Þýskalandi kostar um 7,5 milljónir íslenskra króna. Menn þurfa því að hugsa sig tvisvar um áður en farið er í landkaup.

legu hesthúsi“ þegar þeir koma úr reiðtúr. Þar geta þeir þurrkað hestinn og kambað hann áður en honum er sleppt aftur í opna húsið.

Á búinu er stóðhestahús og þar eru haldnir stóðhestar, bæði í eigu Vindhóla og annarra. Til viðbótar er svo hesthús með 40 stíum, 20x40m reiðhöll með veitinga- og kennslustofu á efri hæð, 200-250m hringvöllur, fimigerði og 300m skeiðbraut.

Fjölbreytt starfsemi

En þótt reiðkennslan og hestahaldið séu aðalstarfsgreinar búsinu hafa Einar og Maren líka haldið úti annarri fjölbreyttri starfsemi. Á Vindhólum hafa verið haldin mörg stórmót, til dæmis þýska meistaramótið, norður-þýska meistaramótið

nokkrum sinnum, og auk þess fjölmargar kynbótasýningar og önnur smærri mót. En þá er ekki allt upptalið. Eins og sjá má á heimasíðu búsinu kennir ýmissa grasa í dagskránni. Þar

eru haldin æskulýðsmót, flóamarkaðir, reiðkennslusýningar og námskeið með gestakennurum, íslenskir hestadagar, ráðstefnur og veislur af ýmsum toga. Og að sjálfsögðu er stund-

uð hrossarækt á Vindhólum. Þar fæðast um sex folöld á ári, sem síðan eru alin upp og tamin á búinu. Hrossaræktin er þó meira til gamans, enda landið takmarkað þótt grasgefið sé.

Í því samhengi má geta þess að hektari lands á þéttbýlum svæðum í Þýskalandi kostar um 7,5 milljónir íslenskra króna. Menn þurfa því að hugsa sig tvisvar um áður en farið er í landkaup.

Góður ambassador

Einar er með þjálfarapróf frá Félagi tamningamanna og er einnig með þýsk réttindi til kennslu og reksturs reiðskóla. Hann stundar tamningar og þjálfun hrossa jafnhliða búrekstrinum og tekur á hverju ári þátt í mótum og sýningum á íslenskum hestum. Hann er sérlega vel kynntur í Þýskalandi. Dugnaður og samviskusemi er hans vörumerki. Sannarlega góður ambassador sem við Íslendingar eigum þar.